

BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2022

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2022



Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2022. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasögunna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Kvikmyndir sem taka á mikilvægum samfélagslegum málefnum sem hafa verið í brennidepli verða á boðstólum þetta haust. með stuðningsfulltrúum viðstöddum. Never Rarely Sometimes Always fjallar um óléttu unglingsstúlku án þess að dæma og taka afstöðu og hlaut Silfurbjörnninn á Kvikmyndahátíðinni í Berlín. Út úr myrkinu er ný íslensk kvikmynd sem tekur á sjálfsvígum og verður stuðningsfulltrúi Pieta-samtakanna viðstaddur. Franska myndin Hin einstöku fjallar um sanna hugsjónamennsku tveggja manna sem sjá um ungmenni með óvenju erfiða einhverfu sem allar stofnanir hafa hafnað.

Við sýnum Kirikou og villidýrin og Brave fyrir yngstu börn grunnskóla og þýsku myndina Rocca breytir heiminum, sem fjallar um jákvæðni, bjartsýni og hugrekki ellefu ára stúlku. Við skoðum stop-motion tækni með Fantastic Mr Fox og rýnum í víðáttufælni og samskiptamiðla í hugljúfu ástarsögunni Skipbrotsmaður á tunglinu, sem gerist í Seúl í -S-Kóreu, auk þess sem við kynnum japanska teiknigerðarlist með verðlaunamyndinni Spirited Away eftir Hayao Miyazaki.

Verðlaunamyndin Dead Poets Society er sýnd í flokknum bíóklassík og segir frá óvenjulegum kennara við strangan drengjaskóla á Nýja Englandi á sjötta áratugnum, leikinn af Robin Williams sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrir stórkostlegan leik. Nýstárlegar aðferðir hans við kennslu virka hvetjandi á nemendur sem eru vanir ströngum reglum og utanbókarlærdómi. Þessar aðferðir kveikja sannan áhuga fyrir námi og brennandi lífskraft.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2022

ROCCA BREYTIR HEIMINUM 5.-7. bekkur

BRAVE 1.-4. bekkur

SPIRITED AWAY 5.-7. bekkur

KIRIKOU OG VILLIDÝRIN 1.-4. bekkur

RARELY SOMETIMES SELDOM NEVER 10. bekkur

FANTASTIC MR FOX 5.-7. bekkur

ÚT ÚR MYRKRINU 9.-10. bekkur

HIN EINSTÖKU 8.-10. bekkur

DEAD POETS SOCIETY 8.-10. bekkur

CASTAWAY ON THE MOON 8.-10. bekkur



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



ROCCA BREYTIR HEIMINUM



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, 2019*

LENGD: *102 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Þýskaland*

LEIKSTJÓRI: *Katja Benrath*

AÐALHLUTVERK: *Luna Maxeiner, Caspar Fischer-Ortmann, Barbara Sukowa*

TUNGUMÁL: *Þýska með enskum texta*

Rocca er ellefu ára gömul stúlka sem lifir óvenjulegu lífi. Faðir hennar er geimfari og fylgist með henni úr geimnum, en Rocca býr ein með íkornanum sínum. Hún er full af jákvæðni og bjartsýni og tekst jafnvel að lenda flugvél á eigin spýtur. Þegar hún er send til ömmu sinnar í Hamborg þarf hún að ganga í venjulegan skóla. Þar tekst hún á við eineltishrotta, hjálpar heimilisláusum manni og reynir að vinna hjarta ömmu sinnar sem hefur aldrei fyrirgefið henni þar sem móðir hennar lést þegar Rocca fæddist.

Rocca er staðráðin í að gera allt til að réttlætið nái fram að ganga og er óhrædd við að berjast við kerfið. Hún lendir í ýmsum ævintýrum þegar hún tekst á við nýja lífið sitt, en það má með sanni segja að jákvæðni hennar og réttlætiskennnd eigi þátt í að breyta heiminum.

Myndin er gerð eftir hugmynd Astrid Lindgren sem skrifaði m.a. bækurnar um Línu langsokk, en margt er einmitt líkt með Línu og Roccu.

BRAVE



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, 2012*

LENGD: *93 MIN*

LAND: *BANDARÍKIN*

LEIKSTJÓRI: *Mark Andrews, Brenda Chapman*

AÐALHLUTVERK: *Kelly Macdonald, Billy Connolly, Emma Thompson*

TUNGUMÁL: *Íslenskt tal*

Brave gerist í skosku hálöndunum og segir frá Meridu prinsessu, dóttur Fergusar konungs og Elonor drottningu, sem er fádæma góður bogmaður og sérlega óstýrilát. Samkvæmt helgum venjum konungdæmisins á Merida á giftast en hún kærir sig alls ekki um það því hún virðir frelsi sitt of mikið. Þessi ákvörðun Meridu veldur miklum usla í konungdæminu og til að koma málunum í réttan farveg aftur, leitar hún hjálpar hjá gamalli og göldróttu konu.

Einn af leikstjórum myndarinnar, Brenda Chapman, vildi með þessari mynd skapa raunverulegri kvenhetju sem gæti verið raunhæfari fyrirmynd stúlkna en hinar dæmigerðu staðalímyndir í Disney-myndum. Merida þráir frelsi og sjálfstæði og sýnir mikið hugrekki til að ná takmarki sínu.

SPIRITED AWAY



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, fjölskyldumynd, ævintýri, 2001*

LENGD: *125 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Japan*

LEIKSTJÓRI: *Hayao Miyazaki*

AÐALHLUTVERK: *Daveigh Chase, Suzanne Pleshette, Miyu Irino*

TUNGUMÁL: *Sýnd með ensku tali og texta*

Þessi fallega ævintýramynd segir frá hinni tíu ára gömlu Chihiro sem flytur í úthverfin með fjölskyldu sinni. Á leiðinni þangað rambar hún inn í heim sem er stjórnað af guðum, nornum og öndum þar sem manneskjum er breytt í dýr.

Spirited Away er grípandi teiknimynd um baráttu góðs og ills þar sem hver rammi er úthugsaður af leikstjóranum Hayao Miyazaki með sterkan boðskap.

Myndin hlaut Gullbjörninn árið 2002 og Óskarsverðlaunin árið 2003 sem besta teiknimyndin, auk fjölmargra annarra verðlauna.

KIRIKOU OG VILLIDÝRIN



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, 2005

LENGD: 73 Mínútur

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland, Víetnam

LEIKSTJÓRI: Michel Ocelot

AÐALHLUTVERK: Pierre-Ndoffé Sarr, Awa Sena Sarr, Robert Liensol

TUNGUMÁL: Íslenskt tal

Í Kirikou og villidýrin er fjallað áfram um viðureign Kirikou og galdranornarinnar Karöbu þar sem afa drengsins fannst vanta heilmikið í fyrri söguna um Kirikou og galdranornina. Áfram er sagt frá hugvitssemi Kirikou litla sem hefur alltaf ráð undir hverju rífi. Þegar Karaba eyðileggur uppskeruna og hungursneyð blasir við gerist Kirikou leirkerasmiður til að bjarga málunum. Hann lætur sér það ekki nægja, heldur gerist líka læknir... og margt fleira.

Myndin gerist á framandi slóðum þar sem gróður og dýralíf Austur-Afríku nýtur sín til fulls í þessari einstöku baráttu góðs og ills.

RARELY, SOMETIMES, SELDOM, NEVER/ SJALDAN, STUNDUM, SJALDAN, ALDREI



TEGUND OG ÁR: *Drama, 2020*

LENGD: *101 Mínútur*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin, Bretland*

LEIKSTJÓRI: *Eliza Hittman*

AÐALHLUTVERK: *Sidney Flanigan, Talm Ryder, Théodore Pellerin*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Myndin fjallar um tvær unglingsstúlkur sem búa í fámennu samfélagi í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Þær ákveða að ferðast til Bandaríkjanna í þeim tilgangi að leita lækniástoðar vegna óvæntrar óléttu.

Stórkostleg kvikmynd sem frumsýnd var á Sundance kvikmyndhátíðinni þar sem hún vann sérstök dómnefndarverðlaun en hún vann Silfurbjörninn á kvikmyndahátíðinni Berlinale 2020.

Myndin er sýnd í samvinnu við Reykjavík Feminist Film Festival og stuðningsfulltrúi verður á staðnum til að svara spurningum.

FANTASTIC MR FOX



TEGUND OG ÁR: *Ævintýramynd, 2009*

LENGD: 87 MIN

LAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: *Wes Anderson*

AÐALHLUTVERK: *George Clooney, Meryl Streep, Bill Murray.*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Myndin er byggð á skáldsögu eftir breska barnabókarhöfundinn Roald Dahl og segir frá ævintýrum refsins snjalla, Mr. Fox, eiginkonu hans Felicity og átökum þeirra við nágannana. Fantastic Mr. Fox er gerð með aðferðum stop-motion tækni.

Anderson hefur mjög sérstakan stíl sem einkennir verk hans. Föt og hárgreiðslur eru áberandi, áhersla er lögð á leikmuni og atriðin eru mjög stílfærð. Hann notar tölvuhönnuð atriði og svokölluð fuglaskot sem er ofanskot úr mikilli hæð. Öll þessi atriði verða tekin fyrir og skoðuð í þessari skemmtilegu mynd.

ÚT ÚR MYRKRINU



TEGUND OG ÁR: Heimildamynd, 2022

LENGD: 70 MIN

LAND: Ísland

LEIKSTJÓRI: Helgi Felixson

TUNGUMÁL: Íslenska

Talið er að 5 – 600 sjálfsvígstilraunir séu gerðar árlega á Íslandi. 40 – 50 manns tekst að taka sitt eigið líf. Takmarkið með þessari mynd er að vekja umræðu á efni sem hefur ríkt þöggun í kringum til fjölda ára.

Myndin er sýnd að leikstjóra viðstöddum og fulltrúa í Pieta-samtökunum.

Helgi Felixson og Titti Johnson hafa langan feril að baki í kvikmyndagerð og hafa áður gert myndir eins og Guð blessi Ísland, Vive la France og Undir stjörnuhimni sem allar hafa verið sýndar víða um heim, hlotið mikla athygli og verið sýndar á sjónvarpsstöðvum og á fjölda kvikmyndahátíða.

Tónlistin í myndinni er eftir Óskarsverðlaunahafann Hildi Guðnadóttur.

HIN EINSTÖKU – HORS NORMES



TEGUND OG ÁR: *Drama/gamanmynd, 2019*

LENGD: *114 MIN*

LAND: *Frakkland*

LEIKSTJÓRI: *Olivier Nakache, Éric Toledano*

AÐALHLUTVERK: *Vincent Cassel, Reda Caleb, Benjamin Lesieur*

TUNGUMÁL: *Franska með íslenskum texta*

Hin einstöku fjallar um sanna hugsjónamennsku og hugrekki og segir frá Bruno, manni sem vinnur að liðveislu hóps ungmenna með sérlega erfiða einhverfu. Ásamt samstarfsaðila sínum þjálfa hann fátæk ungmenni til að vinna með fólk sem allar stofnanir í landinu hafa hafnað.

Leikstjórnir slógu í gegn um allan heim með myndinni *The Intouchables*. Hin einstöku er byggð á þeirra eigin reynslu og nálgast viðfangsefnið á raunsæjan hátt og af mikilli virðingu.

Mynd sem lætur engan ósnortinn.

DEAD POET'S SOCIETY - BÍÓKLASSÍK



TEGUND OG ÁR: *Drama, 1989*

LENGD: *128 MIN*

LAND: *BANDARÍKIN*

LEIKSTJÓRI: *Peter Weir*

AÐALHLUTVERK: *Robin Williams, Robert Sean Leonard, Ethan Hawke.*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Í myndinni segir frá Keating, kennara í enskum bókmenntum við einkaskóla fyrir pilti í Nýja Englandi, leikinn af Robin Williams. Hann notar óhefðbundnar aðferðir við kennsluna og fær brátt skólastjórnina upp á móti sér þar sem aðferðir hans stangast á við reglur skólans þar sem heragi og utanbókarlærdómur er hafður í hávegum. Einn af nemendum hans á við sjúklega feimni að stríða en heillast af hugmyndum Keating. Það hefur ýmsar afleiðingar í för með sér.

Dead Poets Society hlaut Óskarsverðlaunin og BAFTA-verðlaunin 1990 auk fjölda verðlauna og viðurkenninga.

CASTAWAY ON THE MOON



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 2009*

LENGD: *110 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Suður-Kórea*

LEIKSTJÓRI: *Hae-Jun Lee*

AÐALHLUTVERK: *Min-heu Hong, So-yeon Jang, Jae-yeong Jeong*

TUNGUMÁL: *Kóreska, enska- enskur texti*

Skipbrotsmaður á tunglingu er hugljúf ástarsaga tveggja ungmenna sem tengjast á óvæntan hátt. Kim er ungur maður sem hafnar á eyju í fljóti sem rennur í gegnum heimaborg hans. Honum tekst ekki að vekja athygli á sér og þarf því að komast af einsamall.

Ung stúlka sem þjáist af félagsfærni og eyðir öllum stundum inni í íbúð sinni skoðar tunglið í sjónauka á næturnar og á tveimur dögum á ári þegar göturnar í Seúl tæmast vegna heræfingar ef Norður-Kórea skyldi ráðast á Suður-Kóreu. Unga stúlkan tekur þá eftir þessum einkennilega skipbrotsmanni sem fangar hjarta hennar. Myndin er sérlega frumleg og gamansöm með alvarlegum undirtónum.

SÝNINGAR:

ÞRIÐJUDAGUR 20. SEPTEMBER KL. 10:00 – KIRIKOU OG VILLIDÝRIN

ÞRIÐJUDAGUR 20. SEPTEMBER KL. 13:00 – DEAD POETS SOCIETY

FIMMTUDAGUR 29. SEPTEMBER KL. 10:00 – ROCCA BREYTIR HEIMINUM

FIMMTUDAGUR 29. SEPTEMBER KL. 13:00 – FANTASTIC MR FOX

ÞRIÐJUDAGUR 4. OKTÓBER KL. 10:00 – SPIRITED AWAY

ÞRIÐJUDAGUR 4. OKTÓBER KL. 13:00 – SKIPBROTSMANNAÐUR Á TUNGLINU

FIMMTUDAGUR 13. OKTÓBER KL. 10:00 – BRAVE

FIMMTUDAGUR 13. OKTÓBER KL. 13:00 – HIN EINSTÖKU

ÞRIÐJUDAGUR 18. OKTÓBER KL. 10:00 – FANTASTIC MR FOX

ÞRIÐJUDAGUR 18. OKTÓBER KL. 13:00 – DEAD POETS SOCIETY

FIMMTUDAGUR 20. OKTÓBER KL. 10:00 – ÚT ÚR MYRKRINU

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS



ÞRIÐJUDAGUR 8. NÓVEMBER KL. 10:00 – HIN EINSTÖKU/DEAD POETS SOCIETY

ÞRIÐJUDAGUR 8. NÓVEMBER KL 13:00 – ROCCA BREYTIR HEIMINUM

FIMMTUDAGUR 17. NÓVEMBER KL. 10:00 – BRAVE

FIMMTUDAGUR 17. NÓVEMBER KL. 13:00 – FANTASTIC MR FOX

ÞRIÐJUDAGUR 22. NÓVEMBER KL. 10:00 – RARELY SOMETIMES SELDOM NEVER /SKIPBROTSMÆÐUR Á TUNGLINU

ÞRIÐJUDAGUR 22. NÓVEMBER KL. 13:00 – SPIRITED AWAY

ÞRIÐJUDAGUR 29. NÓVEMBER KL. 10:00 – ROCCA BREYTIR HEIMINUM

ÞRIÐJUDAGUR 29. NÓVEMBER KL. 13:00 – HIN EINSTÖKU/FANTASTIC MR FOX

FIMMTUDAGUR 8. DESEMBER KL. 10:00 – ÚT ÚR MYRKRINU

FIMMTUDAGUR 8. DESEMBER KL. 13:00 – RARELY SOMETIMES SELDOM NEVER /HIN EINSTÖKU

ÞRIÐJUDAGUR 13. DESEMBER KL 10:00 – KIRIKOU OG VILLIDÝRIN

ÞRIÐJUDAGUR 13. DESEMBER KL. 13:00 – DEAD POETS SOCIETY

Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistöð og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smiðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í sölum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



SÝNINGARPLAN VEGNA GRUNNSKÓLÁSÝNINGA HAUSTIÐ 2022

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

SEPTEMBER

Þri	20.9.2022	10:00	Kirikou og villidýrin																
Þri	20.9.2022	13:00	Dead Poets Society																
Fim	29.9.2022	10:00	Rocca breytir heiminum																
Fim	29.9.2022	13:00	Fantastic Mr Fox																

1.-4. bekkur																			
8.-10. bekkur																			
5.-7. bekkur																			
5.-7. bekkur																			

OKTÓBER

Þri	4.10.2022	10:00	Spirited Away																
Þri	4.10.2022	13:00	Skipbrotsmaður á tunglinu																
Fim	13.10.2022	10:00	Brave																
Fim	13.10.2022	13:00	Hin einstöku																
Þri	18.10.2022	10:00	Fantastic Mr Fox																
Þri	18.10.2022	13:00	Dead Poets Society																
Fim	20.10.2022	10:00	Út úr myrkinu																

5.-7. bekkur																			
8.-10. bekkur																			
1.-4. bekkur																			
9.-10. bekkur																			
5.-7. bekkur																			
8.-10. bekkur																			
9.-10. bekkur																			

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

NÓVEMBER

Þri	8.11.2022	10:00	Hin einstöku/Dead Poets Society																
Þri	8.11.2022	13:00	Rocca breytir heiminum																
Fim	17.11.2022	10:00	Brave																
Fim	17.11.2022	13:00	Fantastic Mr Fox																
Þri	22.11.2022	10:00	Rarely Sometimes/Skipbrotsmaður																
Þri	22.11.2022	13:00	Spirited Away																
Þri	29.11.2022	10:00	Rocca breytir heiminum																
Þri	29.11.2022	13:00	Hin einstöku/Fantastic Mr Fox																


9.-10. bekkur/8.-10. bekkur																			
5.-7. bekkur																			
1.-4. bekkur																			
5.-7. bekkur																			
10. bekkur/8.-10. bekkur																			
5.-7. bekkur																			
5.-7. bekkur																			
9.-10. bekkur/5.-7. bekkur																			

DESEMBER

Fim	8.12.2022	10:00	Út úr myrkinu																
Fim	8.12.2022	13:00	Rarely Sometimes/Hin einstöku																
Þri	13.12.2022	10:00	Kirikou og villidýrin																
Þri	13.12.2022	13:00	Dead Poets Society																


9.-10. bekkur																			
10. bekkur/9.-10. bekkur																			
1.-4. bekkur																			
8.-10. bekkur																			

JÓLAFRÍ



Hentar viðkomandi aldurshópi
Tvær myndir sýndar á sama tíma
Gæti hentað

KVIKMYNDIR



ROKKA BREYTIR HEIMINUM – Gamanmynd, óvenjulegir hæfileikar ellefu ára stúlku, sjálfsöryggi, jákvæðni, bjartsýni, samband feðgina, ömmu og dótturdóttur. Markmiðasetning, lífsleikni, hugrekki, 5.-7. bekkur.

KIRIKOU OG VILLIDÝRIN – Ævintýri, teiknimynd, afrískar munnmælasögur, töfnaverur, dýr, lífsleikni, hugrekki 1.-4. bekkur.

SPIRITED AWAY– Ferðalag lítillar stúlku um andaheima, umhverfisvernd, myndir Miyazaki, hugrekki, lífsleikni, japanskar teiknimyndir. 5.-7. bekkur.

NEVER RARELY SOMETIMES ALWAYS – Óléttu unglina, ferðalag tveggja stúlkna úr fámennu fylki til New York til að fá lækni aðstoð. Valkostir, tilfinningaátök, samfélagsleg umræða. 10. bekkur.

FANTASTIC MR FOX – Sérstakt fjölskyldumynstur, samband við nágranna, myndir Wes Anderson, stop-motion tækni, grín. 5.-7. bekkur.–

ÚT ÚR MYRKRINU – Forvörn við sjálfsvígum, heimildamynd um sjálfsvíg á Íslandi, hvaða leiðir eru í boði, Pieta-samtökin, samfélagsleg umræða. 9.-10. bekkur

HIN EINSTÖKU – Brennandi hugsjónir tveggja manna sem starfa við liðveislu óvenju erfiðrar einhverfu, virkjun atvinnulausra til að láta gott af sér leiða, einhverfa unglina, samfélagslegt verkefni, lífsleikni, markmiðasetning, hugrekki við erfiðar aðstæður. 9.-10. bekkur.

DEAD POETS SOCIETY– Bíóklassík. sjötti áratugurinn, drengjaskóli, stífar reglur, hugsjónamennska kennara, nýbreytni í kennsluáðferðum, kveikjan að virkni og lífsgleði nemenda, markmiðasetning, lífsleikni. 8.- 10. bekkur.

CASTAWAY ON THE MOON – Suður-Kórea, ástir ungmenna, samskiptamiðlar, gamaldags samskiptatækni, flöskuskeyti, víðáttufærni, að komast af við erfiðar aðstæður, gamanmynd, 8.-10. bekkur.

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís

